

Bolungarvík, 12. maí 2017

Efni: Fundarboð á ársfund Náttúrustofu Vestfjarða, miðvikudaginn 31. maí 2017

Boðað er til samráðsfundar aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða, **miðvikudaginn 31. maí 2017 kl. 14:00 á Náttúrugripasafni Bolungarvíkur, Vitastíg 3.**

Þar sem núverandi stjórnarformaður ætlar að segja sig úr stjórn Nave, verður kosinn nýr stjórnarmaður á þessum fundi.

Fundurinn er boðaður í samræmi við samþykktir Náttúrustofu Vestfjarða.

Aðildarsveitarfélög eru: Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður.

Stjórn Náttúrustofunnar býður einnig sveitarfélögum: Kaldrananeshreppi, Árneshreppi og Reykhólahreppi til þessa fundar. Óskað er eftir því að hrepparnir sendi áheyrnafulltrúa á fundinn.

Auk þess býður stjórn Náttúrustofunnar Fjórðungssambandi Vestfirðinga til þessa fundar. Óskað er eftir því að fjórðungssambandið sendi áheyrnafulltrúa á fundinn.

Dagskrá fundarins verður samkvæmt samþykktum Náttúrustofu Vestfjarða:

1. Setning ársfundarins
2. Kosning fundarstjóra og ritara
3. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Ársskýrsla kynnt
4. Lagður fram ársreikningur félagsins fyrir árið 2016 til umræðu og afgreiðslu
5. Rætt um fjárhagsstöðu Náttúrustofunnar
6. Kosning stjórnar
7. Tekin ákvörðun um þóknun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Virðingarfyllst,



Nancy Bechtloff
forstöðumaður